

# Jólin 2011



*Yfir grund og yfir brúð,  
yfir vetur stínnan  
ósk þér berst um yndistíð  
utan lands og innan.*

*Gledileg jól og farsæl komandi ár!  
Hjartans þökk fyrir hlýjan hug og vinsamleg samskipti.*

*Gísli Ólafur og Ragna Freyja*



*Prettándaferðin í Þórsmörk 6. - 8. jan. 2012*

*Föstudag 6. jan. Forfarar kanna færð og kynda skálann.*

*Laugardagur 7. jan. kl. 10 frá Hvolsvelli.*

*Leiðir lagðar eftir veðrum og vindum.*

*Sunnudagur 8. jan. kl. 11 úr Langadal.*

*Áætluð heimkoma kl. 20.*



Sjá nánar á >> <http://www.peturs.net/gop/open/farplan>

## Tungumál

Nemendur höfðu kveðið upp úr með þarfleysi þess að læra tungumál. Ótal rök voru auðvitað fyrir því í heimi innlendra dagblaða, sjónvarps sem þýðir allt erlent tungutak og í bókmenntaheimi sem þýðir á móðurmálið allt sem vert er að lesa.

Kennarinn hlustaði áhugasamur. "Jaaa" sagði hann - og "sko" sagði hann. "Þetta eru verðugar athugasemdir. Skoðum málið" - sagði hann - á meðan hann sneri sér rólega að vinstri hluta töflunnar og fór að teikna þar mynd af nokkuð stóru húsi. Smám saman skýrðist myndin og hann lýsti henni með nokkrum tilburðum og leit til hópsins títt til að hjálpa öllum að fylgjast með.

"Þetta er gömul hlaða. Hér á gaflinum eru dyr og yfir þeim sjáið þið nokkuð stóran glugga. Það er nú ekki neitt nýtilegt hey í hlöðunni og mjög gott rými fyrir músafjölskyldu sem þar býr. Það eru músamma og músabbi og 15 músabörn - nokkuð misstór. Þau stærstu að verða fullvaxta en þau minnstu bara agnarsmá."

Kennarinn færir sig nú yfir á hægri hlið töflunnar og teiknar þar. "Hér eru kornstæður á kornakri." Það eru auðvitað aðeins þétt lóðrétt strik en með kornríkum toppum. Frá hlöduyrunum er töluverð leið yfir í kornakurinn.

"Músamma vekur athygli músabarnanna og spyr þau hvort ekki sé ráð að fara nú í göngutúr út í akurinn og fá sér að borða - og óðar er það samþykkt - meira að segja kallinn maldar ekki í móinn.

Þau leggja af stað" og kennarinn bendir með krítarkroti hvar gat er neðst á hlöduyrunum og þegar öll hersingin er komin út teiknar hann mynd af strollunni. Stærst og fremst er músamma en síðan hver gangandi á fætur öðrum - og sísmækkandi uns aftast er bara þínu líttill hnoðri.

"Og - sjáið hér uppi í glugganum. Hér er kötturinn! Nú sýnist honum bera vel í veiði. Hann gerir í einni svipan áætlun um að stökkva niður og komast aftast í röðina. Éta hana síðan alla saman aftan frá. Fyrst þessi þínupons og svo áfram og gæða sér síðast á stóra bitanum, músamömmu sjálfri. Og með það sama stekkur hann af stað, niður stiga, fram gólfið, út um um gatið á hurðinni og á eftir hópnum."

"En sem hann er að komast í aðstöðuna og er meira að segja byrjaður að æfa ginvöðvana, opna og loka og opna meira og meira - þá lítur músamma við og sér hvað til stendur. Hún fer nú snarlega þessa

leið" - eftir krítarlínu sem kennarinn dregur - "í sveig til hliðar við halarófuna uns hún kemur að kisu. Þar setur hún snjaldrið að eyra kisu og segir:

VOFF!!

Kisu greyinu bregður rosalega og flýr í ofboði í skjól bak við hlöðuna" - eftir skyndistriki kennarans - sem lítur til nemendanna og segir: "Þið sjáið að það getur sko aldeilis skipt máli að kunna önnur tungumál."

## Meðferðis

Þegar sölumaðurinn strunsaði upp í bílinn sinn og hvarf frá bænum fór Jói inn til ömmu sinnar og spurði hvernig væri með búskapinn í himnaríki.

Hvers vegna spyrðu að því hróid mitt? spurði amma þá.

Afi hætti við að kaupa skítadreifarann, sagði Jói. Nú-já? sagði amma.

Sölumaðurinn spurði þá afa hvort hann héldi að hann kæmist inn í himnaríki með peningana sem hann væri að spara, sagði Jói.

Jæja - ? sagði amma.

Já, sagði Jói. En afi hélt að það yrði ekki auðveldara að komast þangað með skítadreifarann.

## Bakhjarlinn

Presturinn flutti hjartnæma útfararræðu og lýsti meðal annars þeim dásemdum sem biðu manna hinum megin. Í erfidrykkjunni var drukkið fleira en kaffi. Þá fóru menn að þrengja að presti og vildu vita hvernig hann gæti fullyrt svona um himnadýrðina.

Prestur varðist lengi vel - en sagði loks:

"Ja, - ég veit svo sem ekkert um þetta, en það er nú samt einhver fjandinn á bak við þetta allt saman."

## Endalaust

Helgi Sæmundsson var eitt sinn spurður hvað hann mundi gera ef hann lenti á eyðieyju allslaus nema með eitt fransbrauð.

Eftir stutta ihugun glaðnaði yfir honum: „Ég mundi bíta í annan enda brauðsins og síðan í hinn. Eftir það mundi ég borða það endalaust."

\* \* \*